
1969 nr. 48 17. maí

Lög um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn

Tóku gildi 10. júní 1969.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram allt að 150 milljónir króna af fé ríkissjóðs sem hlutfé í Kísiliðjunni hf.

við Mývatn til viðbótar því framlagi, sem heimilað var með ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að taka lán í þessu skyni.

□ Ákvæði 5. mgr. 4. gr. nefndra laga gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni hf., sem ríkissjóður kann að verða skráður fyrir við aukningu hlutfjár umfram upphaflegt stofnfé félagsins.